

**FLEKKUDALSÁ.**

**Rannsóknir 1994.**

**Sigurður Már Einarsson**

**maí 1995.**

**VMST-V/95007X**

VEIÐIMÁLASTOFNUN  
*Bókasafn*

## 1. INNGANGUR.

Árlegar rannsóknir hafa farið fram í vatnakerfi Kjallakstaðaár undanfarin ár. Megintilgangur rannsókna hafa verið sá að fylgjast með breytingum á seiðamagni vatnakerfisins og veita ráðgjöf um fiskrækt í kjölfar rannsókna.

Rannsóknir síðastliðin ár hafa sýnt að náttúruleg seiðaframleiðsla vatnasvæðisins er fremur lítil á flatareiningu sem tengt hefur verið lítili hrygningu sum ár og gæðum búsvæða. Við þessu hefur verið brugðist með sleppingum sumaralinna svæða á vasetin svæði í ánum, einkum á efri hluta Tunguár og í Flekkudalsá ofan Hallstaða. Þá hafa tilraunir farið fram hin síðustu ár með sleppingar sjógönguseiða og hafa þau verið merkt m.a. í tengslum við rannsóknir á áhrifum hafbeitarstöðvarinnar í Hraunfirði á laxastofna við Breiðafjörð.

Í þessari skýrslu verður einkum fjallað um rannsóknir á árinu 1994, og sérstaklega fjallað um árangur sleppinga á vatnasvæðið.

## 2. AÐFERÐIR.

Árlega er veitt á sömu stöðum á svipuðum árstíma til að auka samanburðarhæfni niðurstaðna. Veitt er með rafveiðtæki á ákveðnu botnflatarmáli, seiði talin, greind til tegunda og lengdarmæld. Þá eru sýni tekin af hreistri og kvörnum til aldursákvarðana. Þéttleiki seiða er umreiknaður yfir á 100 fermetra botnflatarmál.

Hreistri var safnað af stangveiddum löxum og var hreistri safnað af stærsta hluta veiðinnar. Jafnframt var ítarleg leit gerð að veiðiuggaklippum löxum í afla. Mjög vel er staðið að söfnun hreistursýna og merkjaleit í vatnakerfinu.

## 3. SEIÐAATHUGANIR.

Í Flekkudalsá var veitt á 5 stöðum og leitast við að fá sem best yfirlit yfir allan fiskgenga hlutann (Tafla 1). Í Flekkudalsá var veitt efst fram á dal við Hrútshamarsgil, síðan við Álfagil, Staðarbakka, Hallstaði og Ytrafellsvað. Í Kjallakstaðaá var veitt við Vaðstreng. Í Tunguá var veitt efst við Stóragil, síðan við Galtardal og neðst ofan við brúna.

Á efsta hluta Flekkudalsár (Staðarbakki-Hrútshamarsgil) hefur árlega verið sleppt sumaröldum seiðum undanfarin ár. Þar eru sleppiseiðin allsráðandi í aflanum og er þéttleikinn í einni yfirferð frá 5,8-26,2 seiði á 100 m<sup>2</sup>. Mjög lítil náttúruleg framleiðsla eru á þessu svæði árinna. Sleppingar sumaralinna seiða hafa tekist með ágætum á þessu svæði og er það nú komið í ágæta ræktun. Vorið 1994 hefur verulegt seiðamagn farið til sjávar frá þessu svæði og ætti að gæta í afla sumarið 1995. Ennfremur ætti að vera góð útganga seiða vorið 1996.

Frá Hallstöðum og niður ána tekur náttúruleg seiðaframleiðsla við í ánni, en þó gætir þar sleppiseiða einnig og er á stundum erfitt að aðgreina árganga þar sem sleppiseiði eru sett ofan í náttúrulega framleiðslu árinna. Mjög lítið klak (0+) fannst á neðri hluta árinna og stefnir í að sá árgangur verði lélegur. Fjöldi eins árs seiða (árgangur 1993) var meiri, en styrkleiki árgangsins virðist þó ekki vera mikill. Fjöldi tveggja ára seiða (árgangur 1992) er hins vegar verulegur og er það öflugasti seiðaárgangurinn í ánni sem stendur (Tafla 1).

Í Tunguá er fjöldi sleppiseiða orðinn allsráðandi og virðist náttúruleg framleiðsla Tunguár af laxi vera orðin mjög lítil. Þetta kemur vel fram á neðstu stöðinn ofan við brúna en þar veiddust einungis náttúruleg seiði og var þéttleikinn mjög lítill (Tafla 1). Á efri stöðunum við Galtardal og fremst í ánni við Stóragil var þéttleikinn mun meiri og er stærsti hluti þeirra seiða sleppiseiði.

#### 4. HREISTURSRANNSÓKNIR.

Alls bárust 85 sýni sem unnt var að aldursgreina eða af um 85% stangveiðinnar. Smálax eða lax sem dvalið hefur 1 ár í sjó reyndist vera 90,6% veiðinnar, en stórlax 9,4% sýnanna. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður fyrri ára, en smálax einkennir laxastofn vatnakerfisins.

Meðalferskvatnsaldur laxanna reyndist 3,09 ár. Aldur seiða var frá 1-6 ár, en flestir laxanna höfðu dvalið 4 ár í ánni fyrir sjógöngu (Tafla 2).

Skipting lax eftir uppruna var sá að lax úr eigin klaki árinna var 62,4% sýnanna, lax úr sleppingum sumaralinnna seiða var 29,4% sýnanna og lax uppruninn úr sleppingum sjógönguseiða 8,2% sýnanna. Lax af einhvers konar sleppiuppruna var því 37,6% sýnanna (Tafla 3).

#### 6. MERKINGAR

Þrátt fyrir ítarlega merkjaleit í afla, fannst enginn veiðiuggaklipptur lax í ánum og enginn merktur lax úr sleppingu 1993, kom fram annars staðar. Sleppt var 2000 merktum seiðum 1993 af heildarsleppingu um 3000 seiða. Þessi slepping hefur því alfarið mistekist og ekki skilað neinum árangri.

## 7. UMRÆÐUR.

Sumarið 1994 veiddust einungis 100 laxar á vatnasvæðinu, sem er minnsta veiði í ánni sem komið hefur á tímabilinu 1974-1993. Meðalveiðin á þessu tímabili er þannig 269 laxar. Hæst hefur veiðin farið í 509 laxa á þessu tímabili, árið 1979. Þessi staðreynd var ekki einangruð við þetta vatnakerfi, almennt var mjög léleg veiði í ám sem falla til Breiðafjarðar og mjög léleg veiði var á Norðurlandi og Austurlandi. Ástand veiði annars staðar á Vesturlandi og á Suðurlandi var hins vegar mun betra. Helstu skýringar á lélegri veiði á umræddum svæðum, er sú að kalt vor hafi seinkað sjóþroskun og niðurgöngum seiða til sjávar. Þar sem ástandið var verst t.d. við Vopnafjörð sátu seiðin eftir í ánum í stórum stíl vegna kulda í ánum. Slík ár virðast valda því að sjóþroskun seiða seinki eða misfarist nær alveg með tilheyrandi afleiðingum.

Á undanförunum árum hefur Vf. árinna veitt miklu fjármagni til fiskiræktar til að bregðast við vansetningu seiða á framleiðslusvæðum með sleppingum sumarialinna seiða og til að bæta við náttúrulega laxgengd með sleppingum sjógönguseiða.

Sleppingar sumarialinna seiða virðast hafa tekist ágætlega í þessu vatnakerfi, sem komið hefur fram í niðurstöðum seiðamælinga. Seiðaástand árinna nú gefur til kynna að ráðlegt er að beita þeim áfram í allri Tunguá og á efsta hluta Flekkudalsár á svæðinu frá Hallstöðum fram að Hrutshamarsgili. Mælt er með sleppingum um 5000 seiða í Tunguá og um 10.000 seiða í Flekkudalsá á árinu 1995. Sleppinganna ætti að gæta verulega í veiðinni 1995. Sleppingar sjógönguseiða virðast hins vegar skila mjög litlum árangri þótt sum árin hafi þeirra gætt nokkuð. Þær niðurstöður sem liggja fyrir gefa til kynna að ekki sé réttlætanlegt að beita þessari sleppiaðferð á þessu vatnasvæði. Framkvæmd gönguseiðasleppinga í vatnakerfinu hefur verið mjög vönduð, þ.e. seiðin eru aðlöguð í kerjum við ána og fóðruð fram að sleppingu. Ástæðan fyrir lélegum endurheimtum tengist því væntanlega mest seiðagæðum og umhverfisskilyrðum. Í dag er einkum sleppt svokölluðum eins árs gönguseiðum í hafbeit og fiskirækt. Slík seiði virðast þurfa mjög hagstæðar sleppiaðstæður fyrri hluta sumars (háan hita) til að sjóþroskun þeirra verði með eðlilegum hætti. Niðurstöður víða um land sýna að notkun slíkra seiða í fiskirækt skilar ekki nægilega góðum árangri, sérstaklega í köldum árum. Tilraunir eru nú hafnar sem miða að því að kanna árangur af sleppingum gönguseiða sem alin hafa verið í tvö ár fyrir sleppingu. Slík seiði fá mun náttúrurlegri eldisferil hvað snertir vatnshita og birtu á eldistímanum. Áður en niðurstöður liggja fyrir úr þessari tilraun er ekki unnt að mæla með sleppingum eins árs gönguseiða til fiskræktar sérstaklega í köldum ám.

**TAFLA 1**

Þéttleiki laxaseiða (fjöldi í einni umferð á 100 m<sup>2</sup>)  
í vatnakerfi Kjallakstaðaár 14.09.1994).

Veiðistaðir	0+	1+	2+	3+	Alls
Flekkudalsá					
Hrútsh.gil			2,9*	2,9*	5,8
Álfagil	1,8*	2,7*	4,8*	0,7	10,0
Staðarbakki	10,0*	10,8*		5,4	26,2
Hallstaðir		2,8	5,0	3,8	11,6
Ytrafellsvað		1,8	12,1	1,5	15,4
Kjallakstaðaá					
Vaðstrengur	0,9	4,9	11,6		17,4
Tunguá					
Stóragil	10,6*		1,5*	3,0	15,1
Galtardalur	0,9*	6,0*	5,1*		12,0
F.o. brú	0,4	0,4	2,2		3,0

**TAFLA 2**

Aldursdreifing og kynjahlutfall stangveiddra laxa  
í Flekkudalsá á Fellsströnd 1994, samkvæmt  
greiningu hreistursýna.

Aldur F.vatn	1 ár Hængar	1 ár Hrygnur	2 ár Hængar	2 ár Hrygnur	Fjöldi Alls	% Fj.
1	3	4	0	0	7	8,2
2	13	1	0	1	15	17,6
3	17	15	1	1	34	40,0
4	9	8	5	0	22	25,9
5	2	4	0	0	6	7,1
6	1	0	0	0	1	1,2
Alls	45	32	6	2	85	100,0

**TAFLA 3.**

Hlutdeild laxa í stangveiði í Flekkudalsá 1994  
eftir uppruna lax, samkvæmt greiningu hreistursýna.

Uppruni	1 ár í sjó	2 ár í sjó	Samtals	% Fjöldi
Náttúrul.	46	7	53	62,4
Sumaralin	24	1	25	29,4
Gönguseiði	7	0	7	8,2
Samtals	77	8	85	100,0